

anda, dags. 7. s. m., er hann hafði látið birta umboðsmanni hins stefnda (áfrýjanda), en hann mætti ekki eftir stefnunni.

Eins og áður er sagt var málið hafð 31. jan. þ. á. af því að enginn mætti af hendi málspartanna (tilskip. 15. ágúst 1832, 14. gr.). Samkvæmt niðurlagi ný nefndrar lagagreinar var því nauðsynlegt, að málið væri fitjað upp aptur frá rótum, ef því skyldi halda áfram; en það var með öllu lagaheimildarlaust að taka upp aptur með reassumptionsstefnu það mál, sem búið var að hefja, því svofelld stefna er því aðeins heimilud, að málið sje enn fyrir rjettinum (tekið undir dóm).

Það ber því ex officio að dæma hinn áfrýjanda dóm og alla meðferð málsins í hjeradi eftir 31. jan. þ. á. ómerkt, og að vísa reassumptionsstefnunni frá undirdóminum.

Síðan málið var tekið upp á ný hefur áfrýjandi engan kostnað af því haft fyrir undirdómi, en málskostnað fyrir yfirdómi virðist hinn stefndi eftir atvikum eiga að greiða áfrýjanda með 15 krónum.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi dómur og öll meðferð málsins í hjeradi eftir 31. janúar þ. á. skal ómerkt, og víast reassumptionsstefnunni frá 7. febr. þ. á. frá undirdómi. Hinum stefnda ber að greiða áfrýjanda í málskostnað fyrir yfirdómi 15 krónur, sem lúkist innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa undir aðför að lögum.

Nr. 40/1880

Páll Eyjólfsson  
gegn  
Þorsteini Jónssyni

## Úrskurður:

Áfrýjandi þessa máls, Páll gestgjafi Eyjólfsson, hefur krafizt, að dómur undirrjettarins í því, uppkveðinn 10. júní þ. á., verði dæmdur ómerkur, og að hinn stefndi, Þorsteinn lögregluþjónn Jónsson, skyldist til að greiða honum allan kostnað af málinu fyrir undir- og yfirdómi; til vara hefur hann áskilið sjer rjett til að vika að aðalefni málsins. Þar sem áfrýjandinn fyrst byggir ómerkingarkröfu sína á því, að maður sá, sëm mætti af hálfu hins stefnda fyrir undirdómi, hafi ekki haft umboð til að mæta af hans hendi, þá hefur undirdómarrinn kveðið upp úrskurð um það atriði undir rekstri málsins 5. febr. þ. á., og með því að þeim úrskurði ekki er sjerstaklega áfrýjað, þá getur þessi ómerkingarástæða þegar fyrir þá sök ekki komið til greina. Í öðru lagi byggir áfrýjandinn ómerkingar kröfu sína á því, að þegar hann 19. febrúar þ. á. hafi beðið um 8 daga frest í málinu til vitnaleidslu, þá hafi undirdómarrinn veitt óákveðinn frest, og síðan tekið málið aptur fyrir 8. apríl í stað þess að hefja það 26. febrúar, er hvorugur málspartanna mætti þann dag. Í þessu efni bera dómsgjörðirnar með sjer, að áfrýjandinn 19. febr. þ. á. hefur beðið um lengdan frest þann, er hann áður hafði fengið, um 8 daga, og um leið getið þess, að vitnaleiðslumálið væri ekki enn byrjað fyrir dómi, en sjer væri ómögulegt að svara málinu fyrr en þingsvitni þetta lægi fyrir í heild sinni, og hann hefði fengið ept-rit af því.

Undir þessum kringumstæðum virðist undirdómarrinn hafa haft fulla ástæðu til að veita frest um óákveðinn tíma, eða þangaðtil að vitnaleiðslumálið væri búið, og áfrýjandinn hefði fengið eptirrit af því. Enn fremur bera dómsgjörðirnar með sjer, að þegar málið var tekið fyrir 8. apríl, þá hafa báðir málspartarnir

mætt ótilkvaddir og haldið málinu áfram mótmælalaust, þangaðtil það eptir kröfu þeirra beggja var tekið til dóms 29. s. m.

Krafa áfrýjanda um ómerkingu hins áfrýjaða dóms verður þannig ekki tekin til greina, en eptir atvikum ber að veita honum frest í 8 daga til að sækja málið að því er snertir aðalefni þess.

Því dæmist rjett að vera:

Krafa áfrýjandans verður ekki tekin til greina, en honum veitist frestur í 8 daga til að sækja málið að aðalefninu til.

---